

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð

Efni: Framlenging samnings um samræmda móttöku flóttafólks

Dags: 6. nóvember 2023

Málsnúmer: 202208758/10.14

Sendandi: Sigurbjörg Fjölfnisdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki að framlengja núverandi samning Mosfellsbæjar og félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins um samræmda móttöku flóttafólks um fjóra mánuði til viðbótar án breytinga meðan unnið er að samningaviðræðum við ráðuneytið um framhald samningsins.

Greinargerð:

Þann 16. mars sl. skrifuðu fulltrúar Mosfellsbæjar og félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins undir þjónustusamning um samræmda móttöku flóttafólks til samræmis við samþykkt bæjarráðs frá 9. mars sl. Kveður sá samningur um þjónustu við allt að 80 einstaklinga á fyrsta ári í samræmdri móttöku, en samningurinn rennur út í lok þessa árs.

Með samningi tryggir sveitarfélagið að ríkið greiði fyrir þá þjónustu sem sveitarfélagið veitir til flóttafólks, í formi stuðnings, aðstoðar og ráðgjafar sem og vegna sérstaks húsnæðisstuðnings til flóttafólksins á samningstímanum. Til að sinna stuðningi og ráðgjöf var ráðinn inn verkefnastjóri í 100% starfi sem hóf störf 1. júní og er gert ráð fyrir að greiðslur ríkisins standi straum af launakostnaði þess starfsmanns. Ríkið endurgreiðir einnig sveitarfélaginu þá þjónustu sem veitt er á grundvelli 15. greinar félagsþjónustulaga fyrstu tvö ár flóttafólks, svo sem fjárhagsaðstoð, íslenskunám, túlkþjónustu og fleira en er sú endurgreiðsla óháð þeim samningi sem fjallað er um hér.

Þar sem samningurinn gildir eingöngu út þetta ár hefur félags- og vinnumarkaðsráðuneytið óskað eftir að eiga samtal við Mosfellsbæ um framlengingu á þeim samningi í eitt ár, án breytinga. Hið sama á við um samninga annarra sveitarfélaga sem eru í samræmdri móttöku. Ljóst er að það er vilji sveitarfélaga að endurskoða fjármögnunina og taka mið t.d. af kostnaði við mál sem eru þung í þjónustu (svo sem vegna fatlaðs flóttafólks eða barnaverndarmála). Ekki hefur reynt á þetta í samningi Mosfellsbæjar. Borgarráð Reykjavíkur fékk minnisblað til kynningar þann 9. nóvember sl. frá samræmingarhópi um móttöku flóttafólks þar sem lagðar voru til nokkrar leiðir að samningsmarkmiðum í nýjum samningi við ráðuneytið. Samband íslenskra sveitarfélaga er nú komið í samtal með sveitarfélögum um framlengingu á samningunum þar sem tillögur samræmingarhópsins eru lagðar fram sem leiðarljós.

Þann 13. nóvember voru samtals 60 einstaklingar í samræmdri móttöku í Mosfellsbæ en alls hefur 91 einstaklingur farið í gegnum samræmda móttöku frá því samningurinn tók gildi í febrúar á þessu ári. Af þeim 60 sem eru núna í móttökunni eru 45 fullorðnir og 15 börn, sjö fjölskyldur og 34 einstaklingar.

Forsenda þess að sveitarfélagið fái greiðslu vegna launa verkefnastjóra sem sinnir þjónustu við hópinn sem og að sveitarfélagið fái endurgreiddan kostnað vegna húsnæðisstuðnings, er að samningur sé til staðar við félagsmálaráðuneytið. Þar sem núverandi samningur rennur út um áramótin er hér lagt til,



Mosfellsbær

að undirrituð fái heimild bæjarráðs til að ganga til samninga við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um tímabundna framlengingu á núverandi samningi um fjóra mánuði. Á þeim tíma verði unnið er að tillögum fyrir móttökusveitarfélög á vettvangi sambands íslenskra sveitarfélaga.

*Virðingarfyllt,
Sigurbjörg Fjölnisdóttir*